Óreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

35. tölublað | Þriðjudaginn 11. október | 6. árgangur. | Verð kr. 60.

Allsherjarverkfall

Úrslit atkvæðagreiðslunnar um sáttatillöguna sýna ótvírætt andstöðu þeirra við smánartilboð það sem í sáttatillögunni felst. Styrkur opinberra starfsmanna í yfirstandandi kjaradeilu felst í því að þeir standa sameinaðir um þær kröfur sem settar hafa verið fram og eru þess fyllilega meðvitaðir hvað deilan snýst um. Sú gífurlega þátttaka sem varð í atkvæðagreiðslunni er viljayfirlýsing um að starfsmenn ríkis og bæja séu reiðubúnir til að leggja útí baráttu fyrir kröfunni um lífvænleg laun. Tilraunir ríkisvaldsins til að sundra samstöðunni og að skapa óeiningu hafa algjörlega mistekist. Enda varla nema von þegar hálaunaðir embættismenn, dyggustu þjónar borgaranna eru sendir út á ritvöllinn til að sannfæra fólk, sem hefur rétt um og yfir 100 þús. krónur í manaðarlaun um að kröfur þess séu allt of háar og að fólk þurfi ekki svona há laun til að lifa mannsæmandi lífi.

Viðræður BSRB og ríkisvaldsins

Strax og úrslit voru kunn var fulltrúum BSRB stefnt til fundar með fulltrúum ríkisvaldsins. Fyrsta boð sem ríkisvaldið setti fram bendir ekki til að því sé mikið í mun að hindra að til verkfalls komi. Eina breytingin frá fyrri sáttatillögunni er sú að í stað 1,5% hækkunar 1. nóv. skyldu opinberir starfsmenn fá a.m.k. 3ooo krónur. Það þýddi að þeir lægstlaunuðu sem ríkisvaldið ber svo mikla umhyggju fyrir að eigin sögn, fengju heilum 15oo kr. meira á mánuði frá fyrsta nóv. en sáttatillagan kveður á um. Svona mikill er vilji vilji ríkisvaldsins að bæta kjör þeirra sem lægst hafa launin. Þegar þetta er skrifað er enn ekki útséð um hvort til verkfalls muni koma, en allar líkur virðast þó benda til þess að verkfall skelli á.

Verkfallsvarsla

Ef til verkfalls kemur er öruggt að ríkisvaldið mun reyna að draga úr mætti þess eftir getu. Samninganefnd BSRB hefur lýst því yfir að verkfallsvarsla verði skipulögð og að meint verkfallsbrot verði þegar í stað stöðvuð. Vill Stéttabaráttan hvetja alla félaga BSRB til að taka þátt í vörslunni. Það er mikilvægt til að verkfallsvopnið bíti að undanþágur frá og brot á verkfallinu séu helst engin. Rætt hefur verið um að e.t.v. muni framhaldsskólum verða lokað vegna verkfalls húsvarða sem eru í BSRB. Ef það verður er það sjálfsögð skylda nemenda svo og kennara utan BSRB að styðja baráttu BSRB með því að sjá til þess að verkfallinu sé framfylgt og engri kennslu verði haldið uppi.

Undanþágur frá verkfallinu

Kjaradeilunefnd með sína sex fulltrúa frá ríkisvaldinu og þrjá frá BSRB hefur skilað áliti um það hvaða starfsmenn ríkisins vinni svo nauðsynleg störf á sviði heilbrigðis og öryggismála að þeir megi ekki leggja niður vinnu þó heildarsamtökin fari í verkfall. Ljóst er af niðurstöðum nefndarinnar að ríkisfulltrúarnir hafa algerlega dregið taum húsbænda sinna eins og Stéttabaráttan varaði sterklega við í síðasta tölublaði. Þegar hafa þrjú félög þ.e.a.s. hjúkrunarfræðingar, lögreglumenn og tollverðir lýst yfir megnustu andúð á ákvörðun nefndarinnar.

Hjúkrunarfræðingar

Kjaradeilunefnd virti að engu rökstuddar tillögur félags hjúkrunarfræðinga um hvernig d: draga megi úr starfsemi spítalanna. Tillögur félagsins byggjast fyrst og fremst á því, að aðgerðir sem hæglega má fresta, verði ekki framkvæmdar meðan á verkfalli stendur.

Þó kjaradeilunefnd hefði getað fallist á sanngjarnar tillögur hjúkrunarfræðinga taldist henni svo til að rétt væri að skólahjúkrunarkonur færu í verkfall. Þær yrðu hvort sem er verkefnalausar þar sem kennsla félli niður og því væri óþarfi fyrir þær að þyggja laun á meðan. Ríkisvaldið tekur þarna verkfallsréttinn frá félaginu en skipar jafnframt einum hóp innan félagsins að fara í verkfall.



Frá kosningaþátttöku hjá BSRB.

Tollverðir

Fáránlegasti hluti samþykktar kjaradeilunefndar er að hún ætlar tollþjónum að vinna meðan á verkfalli stendur. Á þennan hátt hugðist ríkisvaldið koma í veg fyrir að flug- og ski skipaafgreiðsla stövaist. Félag tollþjóna svo og heildarsamtökin hafa lýst yfir andstöðu við þessa túlkun kjaradeilunefndar og hyggjast hafa hana að engu. þessi túlkun er eingöngu ætluð til að draga úr áhrifamætti allsherjarverkfallsins þess vegna m munu opinberir starfsmenn ekki setja aðgerðarlauser undir því ef ríkesvaldið grípur til aðgerða í þessu sambandi.

Hvað er hægt að semja um?

Það eru þrjar meginkröfur ser sem opinberir starfsmenn er nú að fylgja eftir með aðgerðum sínum. Þetta eru eins og áður hefru verið greint fré: Krafan um verulega launahækkun, réttingu launastigansog krafa um endurskoðunarrétt ó samingstímabilinu. Þessar krörur er ekki hægt að makka neitt með. Opinberir starfsmenn munu ekki samþykkjanneina þa tillögu þar sem ekki er gengið að þessum meginkrögum.

Landsráðstefna Samtaka Herstöðvaandstæðinga

Þann 15.-16. október næstkomandi halda Samtök herstöva andstæðinga aðra landsráðstefnu sína, en eins og flestir vita er um það bil eitt ár liðið frá síðustu landsráðstefnu, en þar var starfiðog stefnan ákveðin fyrir síðasta ár. Á þessari landsráðs stefnu verður rætt um starfið og stefnuna á liðnu ári og árangurinn metinn til þess að ráðstefnan geti gert raunhæfar áætlanir fyrir næsta ár. Ráðstefnan þarf að meta árangurinn af starfi síðasta árs, á henni þarf meðal annars að ræða, hvort nægilegt sé að gefa "Dagfara" út aðeins einu sinni á ári í stóru upplagi til dreifingar, eins og gert var á liðnu starfsári. Ef miðað er við árið á undan þá hefur orðið nokkur samdrattur á útgáfustarfssemi, en aftur ámóti hefur verið lögð meiri áhersla á fundahöld og annað ytra áróðursstarf. Í vor var farið í erindrekstur um landið, sem tókst nokkuð vel og hefur orðið til að efla starfið úti á landi. Þó er það sennilega enn mikilvægara að þessi erindrekstur um landið hefur orðið til að efla umræður og skilning á því hvað SHA eru og hver stefna þeirra er. Það kom víða fram að fólk taldi SHA vera nánast eign eins stjórnmálaflokks og því væri ekki ástæða til að fá fólk úr öðrum stjórnmálaflokkum til samstarfs, þó þeir að öðru leyti væru sammála um markmið og stefnu samtakanna.

Þennan og aðra drauga þarf að kveða niður og sanna fólki að þessi íhaldsáróður á ekki við rök að styðjast. Það sem gert var á síðastliðnu ári í þessu máli var aðeins byrjun á miklu starfi, sem ekki verður árangursríkt nema til komi markvissari starfsáætlun. Það verður að gera sér skýrari grein fyrir þeim vanköntum sem eru á starfinu og stefnunni og hvernig markviss stefna geti leyst úr þeim. Ef það á að ná meir til fólks úti á landi en gert hefur verið og ef starf þess á að bera nokkurn raunhæfan árangur, þá verður erindreksturinn að verða stórum meiri á næsta ári.

Á liðnu ári hafa SHA unnið nokkuð á bæði hvað varðar fylgi og skipulag, þó er þar margt sem enn er ógert. Fylgi almennings við stefnu samtakanna hefur vissulega aukist, en það sem er þó mikilvægara í þessu sambandi er að skilningur virkustu meðlima samtakanna hefur aukist á mikilvægi þess að þrengja ekki grundvöllinn. Það hefur alltaf verið tilhneiging einstakra flokkspólitíkusa og þeirra, sem skýrt afmarkaða stefnu hafa í þessu máli, að beita samtökunum fyrir sig og sinn flokk. En með markvissri baráttu þá hafa þessar raddir verði kveðnar niður og samtökin hafa í auknum mæli tekið sjálfstæða þróun oft í andstöðu við þá flokka sem sagðir eru öflugastir innan SHA

Meðal annars vegna þessa hefur fylgi fólks við samtökin aukist en meir a þarf til að tryggja þessarri þróun framgang.

Landsráðstefnan og starfið framundan,

Á landsráðstefnunni verða málaflokkar aðallega til umræðu sem allir eru mjög mikilvægir. Í fyrsta lagi þarf að ræða starfið og stefnuna, hver markmið baráttunnar séu og hvernig best verði að þeim staðið. Í öðru lagi þarf að ræða hvernig við styrkjum innri uppbyggingu samtakanna, hverfahópa í Reykjavík, svæðahópa á landsbyggðinni og starfshópa í þorpum og bæjum. Að lokum þarf að gera starfsáætlun fyrir næsta ár út frá niðurstöðum af umræðum um þessa málaflokka.



Keflavíkurgangan 1976 sýndi ótvíræða andstöðu almennings við herinn og NATO.

Þegar rætt hefur verið um stefnu SHA og pólitískan grundvöll hafa þær raddir verið óeðlilega háværar sem einangra vilja stefnuna við baráttuna fyrir brottför hersins og úrsögn Íslands úr NATO. Þeir sem þrengja vilja grundvöll inn á þennan hátt eru sérstaklega þeir sem setja kíkinn fyrir blinda augað þegar það metur þá heimsvalda stefnu sem Sovétríkin reka. Fylgi við þær skoðanir, að ekki eigi að berjast gegn allri heimsvaldastefnu og fyrir óskoruðu sjálfstæði og fullveldi gagnvart bæði USA og USSR fer nú minnkandi. Það sem nú heldur aftur afmörgum þeim sem þó eru tilbúnir að mótmæla einstökum heimsvaldasinnuðum aðgerðum Sovét er að þeir eru ekki tilbúnir að leggja þessi tvö risaveldi algjörlega að jöfnu. Þeir álíta, sem að vissu leyti er rétt að baráttan hér sé fyrst og fremst gegn heimsvaldastefnu NATO og USA. Það er rétt að því leyti að hér er bandarískur her, en ekki rússneskur, og að við erum í NATO en ekki

frh. síða 2

RÁÐSTEFNAN VERÐUR Í FESTI GRINDAVÍK

Mætum öll á Þing herstöðvaandstæðinga 15. og 16. okt.

LEIÐARI

Baráttustefna

Mikil kosningaþátttaka og ekki síður hin einarða afstaða opinberra starfsmanna gegn tillögu sáttanefndar hefur vakið undrun margra. Ekki síst þingmanna og annrra höfunda verkfallsréttarlaganna er töldu sig vera að svæfa "verkfallsréttarmál" opinberra starfsmanna með lögum þessum.

Alþingismaðurinn og stórkaupmaðurinn Albert Guðmundsson hefur meira að segja gengið svo langt að lýsa því yfir að Ísland sé það lítið land að ekki sé mögulegt að leyfa hópum eins og BSRB að hafa verkfallsrétt og því beri að afnema lögin.

Kosningarnar og mikil aðsókn á fundi BSRB þar sem sáttatilboðið var kynnt sýnir, svo ekki verður um villst, að eigindabreyting hefur átt sér stað á viðhorfum opinberra starfsmanna til kjarabaráttunnar og þeirra baráttuaðferða sem bestan árangur gefa. Fyrir tæpum áratug síðan var kröfunni um fullan verkfallsrétt aðeins haldið á loft af fáeinum "últra róttæklingum" eins og það var þá nefnt. Í dag hafa hins vegar 90 af hverjum hundrað starfsmönnum ríkis og bæjarfélaga lýst sig tilbúna til verkfallsaðgerða til að knýja fram bætt kjör sér og sínum félögum til handa. Á fundum höfðu úrtölumenn sig lítt í frammi. Einhugur opinberra starfsmanna virðist algjör.

Ýmsar orsakir eru fyrir einhug BSRB félaga í andstöðu þeirra við sáttatillöguna. Þar má nefna að kjör þeirra hafa stórlega versnað á undanförnum árum og eins að skilyrðið um 50% þátttöku hafi ýtt undir. Og þannig mætti lengi telja. Það atriði sem er þó ugglaust þyngst á metunum eru höfuðkröfurnar þrjár um endurskoðunarrétt á samningstímabilinu, réttingu launastigans og verulega hækkun á lægstu launum. Allt eru þetta kröfur fjöldans, sem hafa verið mótaðar á fjölda trúnaðarmannafunda og síðar á undirbúningsfundum samninganefndar BSRB.

Krafa ASÍ á sínum tíma um 100 þúsund króna lágmarkslaun varð hins vegar aldrei krafa fjöldans. Sú krafa var aldrei mótuð af fjöldanum, heldur af krataklíkunni í verkalýðsforingjaarmi Alþýðubandalagsins. Þeirri kröfu var heldur aldrei ætlað að svara þörfum fjöldans, heldur átti hún að slá dýrðarljóma um kaupmátt launa eins og þau voru í tíð vinstri stjórnarinnar.

Kommúnistar hika ekki við að hvetja fólk til að flykkja sér undir merki baráttustefnunnar, þó svo að sú barátta lúti um tíma forystu endurskoðunar sinna, eða annarra óvina verkalýðsins. Þeir vita sem er að verkalýðsfjöldinn mun aðeins með reynslunni í sjálfri baráttunni fá fram leiðréttingu á stefnunni og kröfunum sem settar eru fram í hverju máli. Óvinir hans munu fyrr eða síðar svíkja og verða afhjúpaðir af fjöldanum.

að sú barátta lúti um tíma forystu endurskoðunar sinna, eða annarra óvina verkalýðsins. Þeir vita sem er að verkalýðsfjöldinn mun aðeins með reynslunni í sjálfri baráttunni fá fram leiðréttingu á stefnunni og kröfunum sem settar eru fram í hverju máli. Óvinir hans munu fyrr eða síðar svíkja og verða afhjúpaðir af fjöldanum.

Því skorar KFÍ ml á sérhvern félaga BSRB að standa fast á meginkröftunum þremur og hika hvergi. Afhjúpið sérhvern úrtölumann og svikara í forystuliði ykkar. Munið að baráttustefnan ein getur fært sigur í viðureigninni við ríkisvald borgaranna

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

● Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar. sími: 27810 og pósthólf 1357, 121R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð. Lindargötu 15. Opið mánud.-föstud.15-18,30
● Akureyri: Jón Atli Játvarðsson. Hafnarstræti23.
● Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsd. Reykjarvíkurvegi 24.
● Hornafjörður: Skúli Waldorff. Silfurbraut 2.
● Ísafjörður: Kristinn Karlsson. Fjarðarstræti 7.
● Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir. Þiljuvöllum38.
● Snæfellsnes: Sigfús Almarsson. Hellisbraut 10 Hellissandi, og Gísli Hjaltason, pósthólf 63, Stykkishólmi.
● Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallargötu 40c, Keflavík.
● Danmörk: Magnús Þorgrímsson. Börglum Kollegiet v.444 Börglumvej 2, 8240 Risskov.
● Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 3A:218. 222 46 Lund.

Stríðið í Sahara Frh.

Marokkóher útskýrir erfiðleika sína með hernaðarstuðningi þeim sem Alsír veitir frelsishernum. Hefur því verið hótað margsinnis að ráðast yfir landamæri Alsír og eyðileggja bækistöðvar Polisarió sem þar eru staðsettar. Því er ekki að leyna að Alsír hefur af þessu miklar áhyggjur enda leiddi slík innrás til almenns stríðs í Norður Afríku milli arabaríkjanna og hverjum væri það í hag nema Ísrael?

Það sem innrásarherir Marokkó og Máritaníu reyna nú er að finna leið til að útrýma skæruliðasveitum Polisario, einni á fætur annarri. En það er svo til ómögulegt verkefni í þessarri víðáttumiklu eyðimörk, sem menn héldu í fyrstu að auðvelt væri að stjórna. Það sem eykur á skerpu Polisario eru einnig hin löngu landamæri Marokkó. Það er tæknilega útilokað að koma í veg fyrir árásir þeirra.

Bráðabirgðaríkisstjórn stofnsett.

Polisario hefur einnig sýnt pólitískan styrkleika sinn með því að setja stjórnarskrá í maí 1976 eftir að hafa skipað bráðabirgðaríkisstjórn. Í ágúst í fyrra hélt hreyfingin þriðja þing sitt sem ákvarðaði pólitíska línu næstu tveggja ára og skipulagði stofnanir hinnar nýju ríkisstjórnar. Erfitt er að segja til um hvaða stefnu hin nýja ríkisskipan tekur í framtíðinni. Það veltur á því hvaða öfl innan Polisarió reynast áhrifaríkust.

Leiðtogar Polisario virðast skiptast í þrjá flokka. Einn hlutann skipa harðir þjóðernissinnar (leiðtogi þeirra hét Mohammed Basiri en hann er nú horfinn með öllu). Annan hlutann skipa námsmenn frá Sahara sem stundað hafa nám í Rabat. Þeir stofnuðu frelsishreyfingu Sahara árið 1968. Síðasti hlutinn er svo samsettur af andstæðingum Máritaníustjórnar og eru ýmist komnir frá Nahda (andstöðuflokkur í Máritaníu) eða námsmannahreyfingunni frá árunum 1971-72. Allir eru þessir hópar þjóðernissinnaðir andheimsvaldasinnaðir og byltingarsinnaðir í senn. Ágústþingið 1976 virðist hafa tryggt þjóðernissinnuðu leiðtogunum yfirhöndina innan hreyfingarinnar. Í þeirra augum er frumverkefnið sjálfstæði Sahara en ekki útvíkkun baráttunnar til nágrannalandanna. Áður var hins vegar sterk tilhneyging innan forystuliðsins til að líta á sjálfstæðisbaráttuna og baráttu alþýðunnar í Marokkó og Máritaníu sem samhangandi heild.

Þessir leiðtogar eru stoltir af því að hafa á skömmum tíma "leyst vandamál svæðisins, þ.e. framtíð alþýðunnar í Marokkó og Máritaníu" og að hafa jafnvel "gefið alsírsku byltingunni nýjan kraft". En þeir þekkja þó þá hættu sem er því samfara að fara of langt út fyrir ramma baráttunnar fyrir sjálfræði Sahara. Það hlýtur að vera það grundvallarverkefni sem baráttan snýst um. Engu að síður er Polisario nátengd frelsishreyfingum nágrannalandanna. Þannig er t.d. náið samband milli þeirra og Illal Ammam sem eru samtök marxista-leninista í Marokkó og hvað öflugust andstæðinga Hassans.

En hvað sem öðru líður munu úrslit stríðsins í Sahara hafa gífurleg áhrif á pólitískt líf í allri Norður-Afríku. Sigur Polisario kæmi til með að veikja mjög stöðu Hassans II jafnframt því sem hann efldi mjög alla frelsisbaráttu kúgaðrar alþýðu í arabalöndunum.

Niðurlag

Hér í Frakklandi hefur Giscard d'Esteing og ríkisstjórnin mjög verið gagnrýnd fyrir afstöðu sína í Sahara málinu. En sú gagnrýni kemur ekki frá hinni svokölluðu vinstrifylkingu (Kommúnistaflokknum, Sósíalistaflokknum og Róttæka vinstriflokknum) Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir hafa broddar Kommúnistaflokksins og Vinstrifylkingarinnar neitað að taka hreina afstöðu í málinu og fordæma stuðning stjórnarinnar við Máritaníu og Marokkó.

Polisario hefur bent á þá tvöfeldni sem felst í stefnu frönsku stjórnarinnar, sem annars vegar lýsir yfir stuðningi við sjálfræði Sahara, en hins vegar sendir bæði vopn og birgðir til þeirra sem berjast gegn framkvæmd þessa sjálfstæðis.

Montpellier 25-09-77

Landsráðstefna Frh.

Varsjárbandalaginu. Hinu má þó ekki gleyma, að drottnunarstefna þessarra tveggja risavelda afmarkast ekki aðeins af þessum tveimur þáttum, efnahagsleg ítök risaveldanna og yfirráð teygja sig langt inn á yfirráðasvæði hvors annars og eins það ef við losnum við NATO þá má það ekki verða til þess að við lendum undir járnhæl Rússa. Það verður að koma skýrt fram, að við erum ekki að berjast gegn NATO og heimsvaldastefnu USA til að fá yfir okkur Varsjárbandalagið og efnahagslega drottnun USSR. Markmið okkar verður að vera allri alþýðu ljóst, að barátta okkar er fyrir fullveldi og sjálfstæði, bæði á efnahagslegu og pólitísku sviði. Og það verður einnig að koma skýrt fram, að við styðjum sömu baráttu um allan heim. Ísland er lítið ríki, sem á fyrst og fremst samstöðu með ríkjum þriðja heimsins gegn ásælni og heimsvaldastefnu risaveldanna. Þeir sem ekki geta sætt sig við þessi markmið eru í flestum tilfellum annað hvort stuðningsfólk heimsvaldastefnu USA eða USSR en álíta sig jafnframt vera að berjast gegn heimsvaldastefnunni. Þetta fólk sem er meirihluti þjóðarinnar er í flestum tilvikum andstæðingar heimsvaldastefnu og baráttufólk fyrir sjálfstæði landsins, en það hefur fallið fyrir áróðri heimsvaldasinna um að sjálfstæði verði ekki tryggt nema undir "verndarvæng" annars hvors risaveldisins. Það þarf að berjast gegn þeim lævísa áróðri heimsvaldasinna, að hernaðarbandalög og vera í efnahagsblokkum í austri eða vestri sé trygging fyrir sjálfsákvörðunarrétti þjóða. Vera Íslands í NATO og efnahagsleg undirtök vestrænna einokunarhringja hér á landi hefur rænt okkur mikilvægs hluta af okkar sjálfsákvörðunarrétti. Austur-Evrópuríkin eru undir svipaðri kúgun frá Rússum (bara enn harðari en innihaldslega þeirri sömu). Öll Evrópa er bútuð niður í áhrifasvæði milli þessara risavelda bæði hernaðarlega og pólitískt, en efnahagslega seilast þau til yfirráða á áhrifasvæði hvors annars. Í sumum ríkjum þriðja heimsins hefur verið tekin upp vopnuð barátta gegn tilraunum risaveldanna til að skipta heiminum á milli sín. Það ætti því öllum að vera ljóst að ef við ætlum að berjast fyrir fullum sjálfsákvörðunarrétti verður að berjast gegn báðum risaveldunum og styrkja samstöðu og samvinnu Íslands og þeirra ríkja sem þegar hafa hafið þessa baráttu á mörgum sviðum.

Hverfahópar og svæðahópar.

Hvernig við styrkjum og eflum innra starf SHA hefur verið nokkur höfuðverkur samtakanna í langan tíma. Síðasta ár fór nokkuð mikið í það að efla áróður út á við, með fundum og kröfugöngum, en innra skipulag og uppbygging varð nokkuð hornreka. Þó hefur fengist nokkur reynsla sem ætti að geta verið okkur nokkur leiðsögn í því hvernig samtökin geta bætt þann þátt starfsins. Það má í þessu sambandi benda á árangursríkt starf nokkurra starfshópa eins og starfshópsins í Hafnarfirði, sem hefur haldið uppi nokkuð öflugu starfi í heilt ár samfleytt. Það má líka læra ýmislegt af starfi hopsins í Keflavík sem nokkrum sinnum hefur verið ein aðal driffjöðrin í stórumaðgerðum sem haldnar hafa verið með nýju og fersku sniði. Af starfi þessara hópa þarf að læra og færa þá þekkingu til annarra hópa sem átt hafa átt í þrengingum í starfinu. Það hafa sprottið upp hópar sem síðan hafa ekki fundið sig í starfinu og lognast útaf eða eru til án þess að hafa fundið sér nokkur verkefni. Þessir hópar þurfa að fá tækifæri til að læra af starfinu í Keflavík og í Hafnarfirði. Þeir þurfa að fá að vita hver er megin kjölfestan í starfi þessara hópa og hver reynsla þeirra er af þeim verkefnum sem þeir hafa fengist við. Það væri t.d. fróðlegt fyrir þá sem eru helstu talsmenn þess að rannsóknarstarf sé heppilegasta verkefni fyrir hverfa og starfshópana að vita það, að það er reynsla veikustu hópanna að rannsóknarstarf sem ekki er hluti af áætlun um áróðurstarf út á við ber ekki árangur. Ef starfshópi er aðeins ætlað það verkefni að rannsaka eða vinna að einhverju verkefni þar semhver sem er getur ekki verið þátttakandi og verkefnið er fræðigrúsk, sem er ekki hluti af neinni heildar áætlun um aðgerðir út á við er það dæmt til að mistakast. Það hefur verið allt og lítill skilningur hingað til á því að SHA eru fjöldasamtök, sem leitast við að ná til mjög breiðs hóps af fólki. Það verður bæði að ná til þeirra sem áhuga hafa á að atunda rannsóknarstörf í þessu máli og líka þeirra sem komnir eru til að starfa meðal fjöldans að þessu máli. Þessi tvö sjónarmið þarf að tengja saman það þarf að láta rannsóknarstarfið vinna í þágu áróðursstarfsins út á við. Það þarf að gera áætlanir um fundi og baráttu í einstökum þáttum málsins á hverjum stað eftir því sem við á og hverjum hentar. Síðan vinni hóparnir að rannsóknum og öðru starfi fyrir væntanlegar aðgerðir, árangur slíkt skipulags verður vissulega margfalt meiri en ef hver er í sínu lagi. Samtenging rannsókna og áróðursstarfs í réttum hlutföllum er helsti lærdómurinn sem starfshóparnir í Keflavík og Hafnarfirði geta kennt okkur. Ef það á t.d. að fara að halda fund um efnahagslega ásælni heimsvaldastefnunnar á Íslandi, þá þurfa starfshóparnir að taka málið til athugunar og rannsóknar, það þarf bæði að undirbúa slíkar aðgerðir skipulagslega og pólitískt og eftir því sem undirbúningnummiðar áfram eru gefin út dreifibréf og almenningur upplýsturum mikilvægi væntanlegra aðgerða. Þær væru líka ræddar við það fólk sem þær ná til (bær borg eða annað afmarkað svæði). Ef slík undirbúningsvinna fer fram fyrir aðgerðirer engin hætta á því að ekki verði nægilega sterk kjölfesta í starfinu. Starfið verður mun markvissara og árangursríkara á öllum sviðum auk þess sem allir ættu að geta fundið sig í starfi sem er bæði lífandi og árangursríkt.

frh. síða 3

Unglingavandamál

Dufþakur

Nýlokið er í sjónvarpinu þáttum um unglinga á skólaskyldualdri í Svíþjóð, vandamál þeirra bæði heima og í skólanum, samskipti þeirra í millum og við kennarana. Einnig var í þáttum þessum drepið á samskipti kennaranna innbyrðis, ólík viðhorf þeirra varðandi kennsluaðferðir, uppeldi og aga gagnvart nemendum. Um margt voru þessir þættir athyglisverðir, ekki síst vegna þess, að þau vandamál, er þarna voru til umfjöllunar eiga fyllilega við á Íslandi.

Unglingsárin eru það tímabil sem er hvað viðkvæmast á þroskaferli mannsins, því þá eru skoðanir unglinga og viðhorf þeirra til lífsins og þjóðfélagsaðstæðna almennt að mótast. Rótleysi gerir vart við sig og samfara því námsleiði. Unglingarnir eru upp á kant við foreldra sína og skólakerfið. Þessi vandamál hafa einfaldlega verið kölluð unglingavandamál. Ýmsir æskulýðsfrömuðir, uppeldisfræðingar og kennarar hafa reynt að ráða bót á þessu vandamáli, rætt um það fram og aftur og kannað leiðir til úrbóta, en því miður án sýnilegs árangurs.

Þeir eru margir, sem einfaldlega vilja afgreiða þessi vandamál á þann hátt að nefna unglingana vandræðagemlinga, skríl, skemmdarvarga o.s. frv. En menn ættu að líta í eigin barm. Hver er rótin að þessu meini? Þegar allt kemur til alls stafar rótleysi æskunnar af þeim uppeldisaðferðum og þeirri menntun, er hún hlýtur í ákveðnu þjóðskipulagi. Hugmyndir unglinga og gjörðir þeirra verða ekki slitin úr samhengi við það ástand, sem ríkir almennt í þjóðfélaginu. Þeir eru - ef þannig mætti að orði komast - afsprengi þess auðvaldsþjóðfélags, er við búum við í dag. Þjóðfélag, þar sem ríkir frelsi einstakra auðmanna til að arðræna og kúga hinn vinnandi lýð, þjóðfélag þar sem þrífst spilling, mútustarfsemi, stjórnlaus samkeppni og gróðafíkn, hlýtur óhjákvæmilega að hafa áhrif á og móta æsku þessa lands.

Eins og gefur að skilja er það mismunandi hvers konar uppeldis unglingar njóta; það fer fyrst og fremst eftir því hvort um er að ræða verkamannaheimili eða heimili efnamanna. Skoðanir unglinga, er koma frá heimilum, sem búa við kröpp kjör hljóta að vera af öðrum toga spunnar en unglinga frá efnuðum heimilum, er fá bókstaflega allt upp í hendurnar. Þar af leiðandi er aðstaða skólafólks, sem komið er af efnameiri heimilum, betri til framhaldsmenntunar en annarra.

Hugmyndafræði borgarastéttarinnar er ríkjandi í menntamálum sem öðrum og þar af leiðir reynir skólinn að móta æskulýðinn í anda þeirra skoðana og hugmynda, sem henta þjóðfélagsgerðinni. Þetta kom nokkuð vel í ljós í fyrrnefndum sjónvarpsþáttum. Orð eins og stéttaskipting voru bannfærð í skólanum og skólayfirvöldin voru hneyklsuð þegar einn kennaranna leyfði sér að ræða við nemendur um hlutverk verkalýðshreyfingarinnar o.þ.h. Þó kastaði fyrst tólfunum, þegar hann lýsti því yfir, að "velferðarríkið" Svíþjóð væri auðvaldsþjóðfélag. Það er ekki ýkja langt síðan Morgunblaðið hljóp upp til handa og fóta í móðursýkislegum loftköstum, þegar kennari nokkur við gagnfræðaskóla hérlendis hugðist notfæra sér ritlinga róttækrar hreyfingar sem námsefni.

Dufþakur

Af fjölmiðlum

Er þessi þáttur hóf göngu sína hér í blaðinu, fyrir tveimur tölublöðum síðan, fórst fyrir að kynna lesendum hugmyndina sem liggur honum til grundvallar. Hvað eru fjölmiðlar, hverjir ráða þeim og hversu mögnuð eru áhrif þeirra á líf okkar.? Þessar og fleiri spurningar sækja að manni nútímans og verða æ áleitnari sökum hraðvaxandi tækni á sviði fjölmiðlunar.
Í þessum þætti er ætlunin að leita svara við þessum spurningum með hliðsjón af því sem er á dagskránni. Vitaskuld megnum við ekki sökum plássleysis og útgáfutíðni, að spanna alla þá merkis atburði sem fjölmiðlar brydda upp á. Þess vegna verðum við að velja og kann mörgum að þykja það skorta sem mest er bitastætt. Við því er lítið að gera um sinn.
Klausur um útvarp og sjónvarp munu sjálfsagt verða í yfirgnæfandi meirihluta. Enda hafa þessir tveir mikilvirku fjölmiðlar hvað víðasta útbreiðslu. Dagblöð og aðrir minni fjölmiðlar verða látnir mæta afgangi.
Lesendum er að sjálfsögðu heimilt að leggja sitt af mörkum í dálkinn. Að síðustu gerum við okkur vonir um að þessi nýi þáttur líki bærilega.



BYGGJUM BARÁTTUTÆKI

Innan allra aðildarfélaga ASÍ er að finna baráttufúst fólk á öllum aldri og þó aðallega ungt fólk sem er tilbúið til að takast á hendur virk störf í þágu íslensks verkalýðs. Flest öll félögin eiga það sameiginlegt að þeim hefur ekki tekist að verkja þetta fólk til starfa. Orsökin er tvíþætt og er önnur sú að forystumenn félaganna eru ekki sammála skoðunum þess um baráttu verkalýðsins á stéttargrundvelli og reyna því að bæla róttæku fólki frá. Hin orsökin er sú að þátttaka verkafólks almennt í starfi félaganna er í algeru lágmarki og þess vegna tekst forystumönnum verkalýðsfélaganna að halda stjórnartaumun þeirra nær eingöngu í sínum höndum. Eins og kom fram í 34. tbl Stéttabaráttunnar hafa andstæðingar stéttasamvinnustefnunnar boðið stjórn Dagsbrúnar samstarf um einn lista á Verkamannasambandsþingið. Enn er ekki útséð um hvort stjórn Dagsbrúnar er á þeim buxunum að leitast við að halda alræði sínu í félaginu óskertu eða gefa nýju blóði tækifæri. Hvaða menn eru sendir á þing verkalýðsfélaganna er mál sem allir félagsmenn ættu að telja sér viðkomandi og leitast við með samtakamætti að fá þangað menn úr eigin röðum sem eiga engra hagsmuna að gæta annarra en hagsmuna verkalyðsins.

RAUÐUR VETTVANGUR frá lesendum

RAUÐUR VETTVANGUR frá lesendum

Landbúnaðarmál

Athugasemd

Athugasemd við skrif Stéttabaráttunnar um landbúnaðarframleiðslu,

Í forsíðugrein í Stéttabaráttunni nr 33, 1977, er fjallað um framleiðslu sauðfjárafurða af meira kappi en forsjá. Rangfærslur eru í greininni. Sú er stærst að bændur fái "að sjálfsögðu" minnstan hlut af þeirri 30% hækkun á verði landbúnaðarafurða sem varð nýlega. Mestur hluti þeirrar hækkunar er að sjálfsögðu á launalið bóndans til samræmis við hækkanir á kaupi verkafólks í vor. Þannig fá bændur sína kauphækkun síðastir allra þótt þorri þeirra sé lægra launaður en verkafólk og veitti því varla af hækkun á sama tíma og öðrum. En hvað um það.

Það er líklegt að hluti þeirrar hækkunar, sem varð á launalið bóndans, étist upp vegna aukins kostnaðar við aðra liði grundvallarins sem ekki hafa hækkað nógu mikið til að vega upp á móti kostnaðarauka. (Fylgjandi er listi yfir rekstrarlið á gjaldahlið verðlagsgrundvallarins). Það er líka fullkomin ástæða til þess að falsa verðlagsgrundvöllinn og hækka launaliðinn óeðlilega. Það blekkir bændur og í öðru lagi samdi ASÍ um að verkafólk fengi ekki verðbætur fyrir hækkun á launaliðnum. Þetta breytir þó ekki þeirri staðreynd að meginhluti hækkunarinnar er launahækkun til bænda.

Það er hárrétt að landbúnaðinum sé þannig stjórnað af stórbændunum Gunnari Guðbjartssyni formanni Stéttarsambands bænda, Inga Tryggvasyni alþm, Ásgeiri Bjarnasyni forseta Sam. Alþingis og formanni Búnaðarfélagsins, og fleirum, að gróðahagsmunir (SÍS) séu hafðir að leiðarljósi. Þessu eru hins vegar lítil skil gerð í greininni.



Er stofninum virkilega að hraka?

Ýmislegt kemur fram í greininni sem er óskýrt eða óskiljanlegt. Af hverju er sauðfjárstofninn ekki eins harðger og áður? Af hverju hefur lambadauði aukist? Af hverju bera fleiri ær í húsi nú? Því er ekki minnst á þá stefnu að fá hámarksafurðir af hverri á vegna plássleysis á afréttum? Af hverju er ekki minnst á þá staðreynd að íslenska lambakjötið er gæðavara sem hægt væri að selja fullu verði erlendis án þess að láta vinnandi fólk á Íslandi borga með því? Af hverju er ekki minnst á það að bændur borga sívaxandi hluta af útflutningsuppbótunum sjálfir? Þessum spurningum verður ekki svarað hér en ætlast er til að greinarhöfundur svari þeim. Það er einnig nauðsynlegt að hann geri grein fyrir þeirri einokunaraðstöðu sem SÍS hefur gagnvart bændum, bæði um útvegun rekstrarvara og sölu afurða. Það er líka nauðsynlegt að gera sér fulla grein fyrir því að flestir bændur líta enn á SÍS sem vin en ekki óvin. Það er rétt að ullarverð er lágt. Því fer þó fjarri að ekki borgi sig að rýja féð. Í fyrra var nefnilega ullarverð hækkað verulega en kjötverð aftur á móti lækkað sem því nam, mér er ókunnugt hvort ull hefur aukist af völdum þessa. Síðan greiðir ríkið ullina niður til ullarverksmiðjanna vegna hráefnisskorts hjá ullarverksmiðjunum. Hvaðan hefur greinarhöfundur það að íslensk ull sé léleg? Hvort er þá átt við vetrarrúna ull eða sumarrúna ull? Vetrarrúningur hefur tíðkast í sumum héruðum vöxt. Talið er að ullin sé þá betri en í júní/júlí og miklu betri en á haustin. Reynist það rétt að íslenska ullin sé léleg er það vafalaust um að kenna slæmri meðferð sem stafar aftur af lágu verði. En fæstir bændur eru þó svo fjáðir að þeir hafi nokkurn tíma haft efni á því að hirða ekki ullina sína. Laun þeirra eru svo lág að það munar um hverja hungurlús.

Frh.

Landsráðstefna

Hvað er framundan.

Einn mikilvægasti þáttur þessarar ráðstefnu er gerð starfsáætlunar fyrir næsta ár. Það verða sjálfsagt margir sem vilja sem minnst gera út á við vegna þess að næsta ár er kosningaár. Það eru til þeir menn sem álíta pólitískann frama sinn í hættu ef þettamál verður of áberandi á næsta ári. Það eru því töluverðar líkur á því að starfsáætlunin beri einhvern keim af þessu, en þó vonandi ekki til skaða fyrir málstað okkar og markmið

Það sem leggja þarf áherslu á í starfsáætlun fyrir næsta ár er einkum tvennt: Í fyrsta lagi eflingu innri uppbyggingar samtakanna og aukið upplýsingastreymi innan samtakanna. En í öðru lagi þurfa samtökin að sýna mikið starf út á við vegna aukinnar pólitískrar umræðu sem alltaf fylgir kosningum.

Fréttabrít eða einhverskonar frétta pési, sem kæmi reglulega út er mjög nauðsynlegur ef takast á að ná hámarks árangri og virkja sem flesta í þeirri baráttu sem framundan er. Slíkt fréttabréf þarf ekki að koma í stóru upplagi eða vera stórt í sniðum aðeins það að fréttir berist stöðugt um öll samtökin og jafnvel til fjölmiðla hefur mikla þýðingu og virkar í flestum tilvikum sem hvati á starfið. Aðrar umræður um stefnu SHA þurfa ekki nauðsynlega að fara fram eingöngu í þeim blöðum sem SHA gefa út. Vel mætti hugsa sér að herstöðvaandstæðingar notfærðu sér meir en hingað til önnur blöð og fjölmiðla til þess. Það ætti í flestum tilvikum að auka skilning almennings a málinu og afla okkur nýrra fylgismanna. Ef ráðstefnunni tekst að búa til starfsáætlun sem leggur áherslu á innri uppbygginu samtakanna og öflugt starf út á við, þá hefur mikið unnist. Það sem helst var að síðustu starfsáætlun var kannski ekki að hún gerði ekki ráð fyrir þess heldur hitt að hún var allt og óljós og yfirgripsmikil. Það þarf að gera starfsáætlun sem raðar upp þeim verkefnum sem leysa þarf á næsta ári, en starfsáætlunin á ekki að vera eitthvað plagg þar sem verkefnin í náinni framtíð hafa verið dregin saman á óljósan hátt. Það þarf að ger a starfsáætlun fyrir komandi vetrarstarf og ákveða þar aðgerðir sem halda á í vetur og eins líka næsta vor. Þessu þarf að raða niður og ákveða önnur verkefni eins og rannsóknarverkefni og dreifiritaútgáfu samkvæmt því.

Að lokum er rétt að minna á að farsæl þróun þessa máls byggist eingöngu á starfi og áhuga félaganna. Því fleiri sem leggja hönd á plógin í þessu starfi þeim mun meiri verður árangurinn Það verður því að leggja áherslu á það að það verður að berjast gegn öllum þeim sem þrengja vilja póltíska grundvöllinn eða einangra starfið við rannsóknir og þannig eyðileggja þann árangur sem SHA hafa þegar náð. Á þessari ráðstefnu verður bæði að berjast fyrir réttri starfslínu, markvissri útfærslu fjöldastarfsins og rétt um pólitískum grundvelli fyrir starfið.

DAGSKRÁ :
Laugardagur 15 okt.

Kl. 14.00. Skýrsla miðnefndar og alm. umræður.
Kl. 16.00. Starf og stefna SHA.
Kl. 19.00. Máltíð.
Kl. 20.30. Skemmtun.

Sunnudagur 16. okt.

Kl. 10.00. Starfshópar.
Kl. 12.00. Máltíð.
Kl. 13.00. Almennar umræður
Kl. 16.00. Kaffi.
Kl. 17.00. Atkvæðagreiðsla og samþykkt ályktanna

Miðnefnd.

Gerist áskrifendur að STÉTTABARÁTTUNNI



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
35.tbl. 11.11. 1977

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.



BT-Kemi í Teckomato p.

Gróði umfram allt

Eitraður úrgangur ógnar lífi

Hættulegrar mengunnar hefur orðið vart frá verksmiðju einni:, BT-Kemi, á Skáni í Svíþjóð. Þorpið heitir Teckomatorp og er á svæðinu milli Lund, Landskrona og Eslöv. Skammt er síðan mál þetta fór að bera hátt í fjölmiðlum, en barátta þorpsbúanna gegn menguninni hófst fyrir alvöru í mars 1975. Þá hófu íbúarnir undirskriftasöfnun gegn henni og skrifuðu 600 manns undir af um 1100 íbúum. Þegar listarnir voru afhentir kom í ljós að hálfum mánuði áður hafði rekstarleyfi verksmiðjunnar verið framlengt um 4 ár. Þá var áhrifa mengunarinnar þegar farið að gæta og mikil andstaða orðin gegn henni meðal íbúanna. Aðeins fyrir samstöðu og harða baráttu íbúanna tókst að lokum að fá málið tekið upp. Við rannsókn þess kom m.a. fram að stjórn verksmiðjunnar hafði reynt að múta bæði ráðamönnum og fleirum til að þagga málið niður. Þá hótaði BT-Kemi að loka verksmiðjunni, en slíkt hefði haft í för með sér alvarlegt atvinnuleysi í svo litlu þorpi, því 43 unnu þar. Í október '75 var haldinn fundur með íbúum þorpsins til að reyna að sannfæra þá um skaðleysi verksmiðjunnar. Þessi fundur hafði þveröfug áhrif og herti enn frekar á baráttunni. Nokkru seinna var svo byrjað að grafa upp tunnur með eiturefnum, sem grafnar höfðu verið í leyfisleysi. Þá kom í ljós að margar þeirra höfðu tærst í sundur og eitrið síast út í jarðveginn. Hafði þetta bæði í för með sér mengun á neysluvatni og á nærliggjandi á. Bændur í grenndinni kvarta undan því að mengunin hafi skemmt uppskeru þeirra og enn er ekki fullrannsakað hve mikið af eitri er í grænmeti og fleiri landbúnaðar afurðum á svæðinu. Yfirvöld reyndu í fyrstu að sverja af sér að hafa nokkuð vitað um mengunina, fyrr en allt í einu, en fljótlega var sýnt fram á að þeim hafði lengi verið kunnugt um hana en daufheyrst við kröfum íbúanna. Óvenju mikið hefur verið um sjúkdóma meðal íbúanna, svo sem ofnæmi, bólgur í hálsi augum og nefi ofl. Niður stöður rannsókna á menguninni hafa valdið miklum ótta meðal fólks í Teckomatorp og nágrenni, því eitrið sem fundist hefur er mjo mjög likt því sem olli ósköpunum í Soveos á Ítalíu. Barátta fólksins gegn menguninni, viðbrögð yfirvalda og starfsaðferðir verksmiðjueigenda, eiga sér víða hliðstæður. Hérlendis hefur t.d. álverið í Straumsvík grafið eitraðan úrgang í nálæg hraun. Og lengi hefur verið daufheyrst við kröfum verkamannanna þar og íbúa í nágrenninu um lokun kerja og hreinsun á útblæstri. Svo er verið að byggja aðra verksmiðju með enn fjölbreyttara úrvali eiturefna, sömu ófullnægjandi aðferðum við losun úrgangs og sömu hástemmdu yfirlýsingunum um enga mengun.

Stríðið í Sahara

Fundur Einingarsamtaka Afríku sem haldinn var í júlímánuði síðastliðnum leysti ekki þau fjölmörgu misklíðarefni sem nú eitra samskipti margra Afríkuríkja. Þvert á móti sýndi fundurinn fram á harðnandi átök sem í flestum tilfellum stafa af deilum um landamörk, sem eiga ætt sína að rekja til nýlendutímabilsins. Þessar deilur hafa í sumum tilfellum leitt til stríðsátaka svo sem í Tchad og Erítreu. Í Austur-Afríku er ennfremur skollin á styrjöld milli Sómalíu og Eþíópíu þar sem Sómalir berjast fyrir sögulegum rétti sínum til landssvæða sem Eþíópíustjórn hafði rænt í samvinnu við erlenda heimsvaldasinna fyrr á þessarri öld. Þetta stríð hefur vakið mikla athygli í fjölmiðlum en minna hefur farið fyrir öðru átakasvæði sem er Sahara, fyrrum nýlenda Spánar. Þau átök sem þar eiga sér stað geta þó haft mjög afdrifarík áhrif á framtíð Afríku, jafnvel leitt til styrjaldarástands milli framfarastjórnar Boumidienne í Alsír annars vegar og afturhaldsins í Marokkó og Máritaníu hins vegar.

Í þessarri grein verður reynt að gera grein fyrir þeim atburðum sem eiga sér stað í Sahara svo og sögulegum aðdraganda þeirra. Stuðst verður fyrst og fremst við greinar sem birst hafa í "Le Monde" undanfarið.

Sögulegur bakgrunnur.

Fyrir tveimur árum komust tvö ríki Norður-Afríku, Máritanía og Marokkó að samkomulagi um skiptingu Sahara, eftir aldalanga nýlendustjórn Spánverja á svæðinu. Þetta samkomulag, sem byggt var á "sögulegum" rökum, var hins vegar í algjörri andstöðu við vilja íbúa Sahara og þýddi fyrir þá áframhald nýlendustjórnar.

Strax árið 1966 var spánverjum sagt að hypja sig frá Sahara, af Sameinuðu þjóðunum sem vildu koma á sjálfstjórn svæðisins undir eftirliti samtakanna fyrst í stað. En þessi and-nýlendustefna mætti ýmsum hindrunum. Í fyrsta lagi ríkti ósamkomulag um hana meðal nágrannaríkjanna, Marokkó, Máritaníu og Alsír. Í öðru lagi voru spánverjar tregir til að hverfa á brott. Frankó vildi tryggja hagsmuni spánverja eftir kænlegum leiðum ný-nýlendustefnunnar sem viðhéldu áhrifum "móðurlandsins". En Afríkuríkjum tókst ekki að standa saman gegn þessum áformum. Árið 1974 rauf Marokkó fylkingu and-nýlendusinna og hóf diplómatíska baráttu gegn Spáni með það fyrir augum að ná undir sig Sahara við brottför Spánverja.

Hassan II Marókkókóngur réttlætti þessa afstöðu stjórnar sinnar með því að Sahara væri sögulega séð hluti af Marokkó. Stjórn Marokkó hóf síðan í júlí þetta ár herferð til að afla útþensluáformum sínum stuðnings, og tryggði sér m.a. stuðning frakka. En þrátt fyrir þetta hélst sama ástand lengi vel. Spánverjar héldu fast við "sjálfstjórn þjóða Sahara undir eftirliti S.Þ." sem Marokkó neitaði algjörlega. Hassan II hafnaði einnig almennri atkvæðagreiðslu þjóðanna í Sahara um framtíð landsins nema því aðeins að hún snerist um það hvort Saharabúar vildu áfram lúta stjórn spánverja eða snúa til "móðurlandsins".

Frelsi Saharabúa til að ákvarða um framtíð lands síns kom ekki til greina í augum Hassans II. Í septembermánuði 1975 komust síðan stjórnir Marokkó og Máritaníu að samkomulagi um skiptingu Sahara milli ríkjanna. Samningnum var haldið leyndum lengi vel en að öllum líkindum hefur honum verið hrint í framkvæmd fyrir milligöngu Mobutu forseta í Kinshasa sem Máritanía hefur kallað náinn bandamann sinn. Nánu bandalagi milli Máritaníu og Marokkó var þar með komið á.

En hver var afstaða Alsírstjórnar á þessum tíma? Hún lýsti yfir vilja sínum til að forða átökum en jafnframt sagði Boumidienne forseti á fundi Arababandalagsins um leið og hann undirstrikaði andnýlendustefnu stjórnar sinnar: "Þetta er vandamál sem varðar öryggi okkar. Nýlendustefnan er við landamæri lands okkar. Hvernig get ég talað um nýlendustefnu í Angola, Mozambique og Guinea-Bissau ef ég þegi yfir Sahara?" Boumidienne sagði ennfremur við sama tækifæri: "Það verður að vera á hreinu, því ég legg mikið upp úr tengslum okkar við Marokkó, Máritaníu og bróðurríki Alsírs, að okkur er ekki mögulegt að taka framförum, að byggja lönd okkar og sigrast á vandamálum þróunarinnar án stöðugleika og friðar á svæðinu."

En Alsírstjórn varð brátt ljóst, að ekki var unnt að komast að heilbrigðu samkomulagi við "bróður"kónginn í Marokkó. Bæði var, að hann neitaði öllum stuðningi við frelsisbaráttu Saharabúa gegn yfirráðum spánverja svo og að möguleikanum á sjálfstjórn svæðisins var hafnað. Í lok ársins 1975, strax við brottför Spánverja, ýtti síðan Marokkó úr vör með nýja stjórn á Sahara. En óvænt hindrun varð í vegi. Komið var til sögunnar nýtt afl sem hingað til hafði verið vanmetið, vilji Saharabúa og pólitísk samtök þeirra: Frelsishreyfingin Polisario. Strax við innrásina í Sahara í nóvember. 1975 rákust hersveitir Hassans II á alvarlega andstöðu. Pólisaríó sýndi þegar fram á að þau höfðu mjög sterk ítök meðal íbúanna og voru að auki þrælskipulögð. Jafnframt þessu lýsti þjóðarsamkundan Djema yfir stuðningi við Polisario. Mánuði eftir komu Marokkóhers réðust hersveitir Máritaníu inn í landið og gerðu árás á borgina Guera þann 10. desember 1975. Stöðugar loftárásir innrásarherjanna kostuðu þúsundir mannslífa og í kringum áramótin 1975-76 settust stórir hópar Saharabúa að í Tindouf héraðinu í Alsír.

Aðstoð Alsír við Polisarió

Fyrir utan það að leyfa Polisarió aðsetur innan landamæra sinna hóf Alsírstjórn þegar í stað umtalsverða hjálp við frelsisbaráttuna. Hún veitti sjúkra- og hernaðaraðstoð auk þess sem hún auðveldaði aðstoð annars staðar frá, s.s. frá Lýbíu.

Þessi aðstoð gaf Hassan II mörg tilefni til hótana og yfirlýsinga um "innrás" Alsírhers o.s.frv. Hersveitir Saharabúa einbeittu sér fyrst og fremst að aðgerðum á landsvæðum óvinanna sem gætu veikt efnahagslegan og hernaðarlegan mátt þeirra. Þessar aðgerðir hafa verið mjög árangursríkar sérstaklega vegna stuðnings sem frelsissveitirnar hafa átt vísan bæði meðal alþýðunnar í Suður-Marokkó sem og í Máritaníu.



Í Sahara fer fram árangursrík barátta smáþjóðar fyrir frelsi sínu og sjálfstæði.

Eftir eins og hálfs árs styrjöld bendir allt til þess að Polisarió hafi tekið frumkvæðið. Það er allavega samdóma álit þeirra blaðamanna sem farið hafa um Sahara. Þau hafa komist yfir mikið magn af vopnum og tekið yfir 500 fanga höndum. Þar af marga marókkanska liðsforingja. Þau sýnast ennfremur fær um að ráðast reglulega inn í Máritaníu og alla Suður-Marokkó. Af aðgerðum í Máritaníu er frægust árásin á Nouokeott í júní 1976. Í þeirri aðgerð lét yfirmaður Polisario El Ouali lífið.

frh. síða 3

Stéttabaráttan

Eins og velunarar blaðsins hafa væntanlega orðið varir við hefur ákriftasöfnunin ekki gengið samkvæmt áætlun. Einnig hefur lausasöluaukningin ekki náð því marki sem stefnt var að. Þegar svo er komið sér ritnefnd blaðsins sig knúna til að framlengja herferðinni fram til áramóta í þeirri von að fólk taki sig nú reglulega á og leiðrétti þau mistök sem hér hafa átt sér stað í starfinu. Með samstilltu átaki mun árangurinn ekki láta á sér standa

Hamarinn mun sýna aukningu lausasölunnar, frá því sem nú er. Sigðin sýnir nýja áskrifendur blaðsins.

Félagar og aðrir velunnarar blaðsins skulu póstsenda nýjar áskriftir til :

Rauðu Stjörnunnar, Lindagötu 15. Rvk. Pósthólf 1357.
Einnig má hringja í síma 27810 milli klukkan 15 og 18 .

